

Skapgerðarmat – mikilvægt verkfæri

Sjáið okkur – við hræðumst ekki hanska-appelsínugulu. Hundar í góðu andlegu jafnvægi eiga auðvelt með að samþykkja alla þá skrýtnu hluti sem þeir standa frammi fyrir í veröld mannsins.



Ljósmynd: Ulla Sonne

Þriðja kynslóð hunda í skapgerðarmat

Höfundur: Ulla Sonne

Þýðandi: Þorsteinn Thorsteinson

Þýtt með leyfi höfundar

Allt frá því snemma um morguninn var ég spennt, *Íslensk Fårehundeklubb* ætlaði að halda sitt fyrsta skapgerðarmat í Ringe. Það stóð líka meira til því að skapgerðarmatið var haldið í tengslum við ráðstefnu ISIC – hið alþjóðlega samstarf um íslenska fjárhundinn.

Í samvinnu við *Dansk Kennel Klub* höfðum við samþykkt þá óskaniðurstöðu, sem við viljum sjá á skapgerðarmati fyrir íslenska fjárhunda, og þar með fengið leyfi til að halda sjálf skapgerðarmat.

Ég var fyrst innan *Íslensk Fårehundeklubb* til að læra til matsmanns í skapgerðarmati og nú stóð til að sýna bæði félögum í klúbbum sem og gestum frá Íslandi, Finnlandi, Hollandi, Svíþjóð, Noregi og Þýskalandi þetta nýja tæki sem við vorum að taka í notkun.

Mér fannst ég bera mikla ábyrgð á

að allt gengi upp, virkaði rétt og að unghundarnir okkar mundu standast mismunandi matsaðstæður sem þeir mundu standa frammi fyrir. Ég var sérstaklega spennt að sjá hvernig hundarnir mundu bregðast við bæði skothvillum og draugum. Hvernig átti einnig svona stór og margbreytilegur hópur áhorfenda að sjá og skilja út á hvað skapgerðarmatið gekk? Að sjálfögðu gekk allt vel og ég trúi að allir þátttakendur – og ekki síst eigendur hundanna sem tóku þátt – hafi verið ánægðir og fengið mikið til að velta fyrir sér.

Unghundarnir stóðu sig miklu betur en ég hafði þorað að vona. Einungis þurfti að stoppa matið hjá einum við skothvöllina því hann flúði af brautinni. Mér létti mikið og fannst við vera sannir brautryðjendur. Þetta var árið 1999 og þeir hundar, sem voru metnir þarna, mynduðu grunn að þeim fjölda

hunda sem við höfum nú metið, 3–4 kynslóðum og 8 árum síðar.

Ekki hefur verið ræktað frá öllum þessum 11 unghundum sem metnir voru þennan fyrsta matsdag og langt er frá því að allir afkomendur þeirra, sem ræktað hefur verið frá, hafi verið metnir.

Það sem oftast hefur stoppað ættarkeðju gota, sem metin hafa verið, er mjaðmalos. Ein af mínum eigin tíkum var metin í fyrsta matinu og fékk nokkur got sem einnig voru metin þegar hvolparnir höfðu aldur til en áframhaldandi framræktun var engin, m.a. vegna mjaðmaloss. Þar slitnaði keðjan við 2. kynslóð. Nokkrir ræktendur lögðu heldur ekki áherslu á að halda matinu áfram og sjá til þess að hvolpar frá þeim yrðu metnir þegar þeir voru unghundar.

Það hefur tekið tíma að breyta viðhorfi ræktenda gagnvart skapgerð,

útlit hefur verið það mikilvægasta í augum margra. Þetta hefur einnig slitið ættarkeðju hunda sem hafa mætt í skapgerðarmat.

Með tímanum höfum við þó náð að breyta viðhorfum fólks. Fleiri meðlimir *Íslandsk Fårehundeklubb* hafa lært að vera matsmenn í skapgerðarmatinu, fyrst Else Westermann og Anetta Ingemann og í ár Marianne Bratlann og Bettine Nordsejl. Saman getum við metið skapgerð fleiri hunda og verið einskonar sendiherrar varðandi það verkefni að kortleggja skapgerð íslenska fjárhundsins.

Í dag er miklu auðveldara að fá ræktendur til að sjá mikilvægi þess að þekkja skapgerð ræktunardýra sinna og afkomenda þeirra. Á fyrstu árum skapgerðarmatsins í Danmörku þurfti ég bókstaflega að hringja til hundeiðenda, sem ég þekki, og tala þá á að taka þátt í matinu með hunda sína.

Staðan er allt önnur í dag og margir meðlimir í klúbbum vilja láta meta skapgerð unghunda sinna. Æ fleiri ræktendur leggja áherslu á skapgerðarmatið og sjá til þess að heil got séu metin og geta þar með borið got-systkini saman sem er mjög spennandi, ekki síst fyrir ræktandann.

Því miður er það einungis hluti ræktunardýra framtíðarinnar sem mætir í skapgerðarmat. Svona „eyður“ valda ónákvæmni í mati á arfgengi skapgerðar sem við viljum einmitt fá yfirsýn yfir. Ekki er svo gott að greina niðurstöður gota þar sem einungis er búið að meta skapgerð annars foreldris.

Í dag eru einungis fáir hundar þar sem búið er að meta skapgerð þrjár eða jafnvel fjórar kynslóðir frá fyrstu hundunum. Hjá þessum hundum sjáum við áhugaverðustu niðurstöðurnar. Hræðsla, forvitni, tilhneiging til að flýja, árásarhneigð, skothræðsla eða það að hræðast ekki skot sem og vilji til samstarfs með ókunnugum eru nokkur þeirra „mikilvægu“ atriða sem sýna hunda jákvætt eða neikvætt og hægt er að sjá áhrif arfgengis á ef skapgerð beggja foreldra er þekkt.

Þetta krefst þar að auki þess að ræktandinn vilji taka upplýsingar um bæði ræktunardýrin með til greiningar; annars lendum við aftur á upphafsreit.

Ég hef sjálf sem ræktandi staðið í þeirri stöðu að ræktunin hjá mér valt á einni tík. Án hennar hafði ég ekkert til að rækta undan en skapgerðin var ekki

fullnægjandi og það hvernig afkomendur hennar kæmu út var mikilvægtara en óskir mínar til að rækta hvolpa. Þetta er ekki létt og í dag hef ég ekkert til að rækta frá en hef byrjað frá grunni með efnilegri ungrri tík sem er 9 mánaða í dag. Hún verður ekki notuð til ræktunar nema heilsa, skapgerð og útlit verði í lagi, í þessari röð eftir mikilvægi.

Við getum því miður ekki ætlast til að allir séu jafn gagnrýnir en það er mikilvægt að hafa hugsjón ef maður vill varðveita heilbriggt og sterkt hundakyn.

Ég legg því fram bón til allra sem langar til að ræktað verði frá unghundum sínum: Mætið með þá í skapgerðarmat svo að mögulegt verði að velja ræktunardýr með skapgerð í huga. Ef í ljós kemur að hundurinn er of hræddur – af hverju þá að færa vandamálið yfir á næstu kynslóðir?

Bón mín nær jafnframt til þeirra ræktenda sem ekki „þora“ að láta meta skapgerð hunda úr ræktun sinni. Það sama á við okkur öll – við erum alltaf að sýna niðurstöður ræktunar okkar, í sýningarhringnum, á fjár-eðlisprófum, í hlýðni og hundafimi.

Við getum ekki alltaf unnið en við gerum eins vel og við getum með því að bera ábyrgð og vinna saman að því að bæta og varðveita íslenska fjárhundinn um ókomna tíð.

Ég gleymdi að nefna að eftir því sem ég best veit þá er *Íslandsk Fårehundeklubb* það félag um íslenska fjárhundinn sem hefur metið flesta hunda. Búið er að meta skapgerð í kringum 200 unghunda og yfir 30 hunda sem náð höfðu 24 mánaða aldri.

Niðurstöður og skýrslur okkar varðandi skapgerðarmatið hafa verið notaðar af öðrum félögum, bæði í Danmörku og öðrum löndum.

Greinin var birt í afmælisútgáfu Íslandsk hunden, blaði Íslandsk Fårehundeklubb í Danmörku, í ágúst 2007.

Ath. Innan ISIC er nú starfrækt nefnd sem mun fara yfir niðurstöður skapgerðarmats í Danmörku, Svíþjóð og á Íslandi til að finna út þá niðurstöðu sem við viljum helst fá á skapgerðarmati íslenskra fjárhunda.

Allt of fáir íslenskir fjárhundar hafa mætt í skapgerðarmat á Íslandi og vill stjórn DÍF því hvetja alla, sem eiga hunda á aldrinum 12–24 mánaða, að mæta með hunda sína í skapgerðarmatið svo að yfirlit fái af skapgerð stofnsins hér á landi en ekki einungis í Svíþjóð og Danmörku.

PRO PAC

www.snati.is